

Mál nr. 400/2020**M og
V vegna húseigandatryggingar.****Vatn á parketi og sönnun tjónsatvik og gildissvið vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot dags. 29.11.2020 ásamt fylgigögnum.

Bréf V til nefndarinnar, dags. 17.12.2020, ásamt afriti tjónstilkynningar.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu sem liggur fyrir í gögnum málsins kemur fram að M tilkynntu um tjón á parketi í eldhúsi í íbúð sinni hinn 11. september 2020. Þar kemur fram að tjónsorsök hafi verið sú vatn hafi lekið úr ísskáp á gólfíð. Af gögnum málsins má ráða að skoðunarmaður hafi komið á vegum V til að meta tjónið á parketi í íbúð M.

M telur að tjónið falli undir gildissvið vátryggingarskilmála húseigandatryggingar sinnar hjá V, nánar tiltekið gr. 2.4 þar sem kemur fram að sú vátrygging bæti tjón vegna vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr m.a. kælikápum vegna mistaka og bilana. M telur að ákvæði sem V hafi vísað til í höfnunarbréfi, gr. 2.1, eigi ekki við þar sem því hafi aldrei verið haldið fram af hálfu M að leki á gólf hafi stafað af því að lekið hafi úr ísskáp sem tengdur hafi verið við vatnslagnir. Einnig vísa M til þess að þau hafi sent V mynd af ísskápnum sem lak úr sem og hafi skoðunarmanni verið fært að skoða ísskápinn þegar hann kom á vettvang, auk þess sem hann sé enn notaður ef þarf að skoða hann sérstaklega. Einnig gagnrýna M afgreiðslu málsins hjá V og tilvísun til skilmálaákvæða.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að tjón á parketi í íbúð M sé hægt að rekja til atvika sem talin eru upp í 2. gr. vátryggingarskilmála um gildissvið húseigandatryggingar þeirra. V telur ósannað að vatn hafi lekið frá ísskáp og ekki hafi verið sýnt fram á bilun í honum og benda í því samhengi á að ísskápurinn sé enn í notkun. Einnig bendir V á að bleyta á gólfi hafi allt eins getað stafað af öðrum orsökum.

Álit

Í gögnum málsins kemur skýrlega fram að M tilkynntu um tjón á parketi í íbúð sinni vegna bleytu úr ísskáp. Í gr. 2.4 í vátryggingarskilmálum er gert ráð fyrir því að tjón sem verða vegna vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr kælikáp falli undir gildissvið húseigandatryggingar M hjá V. Í gögnum málsins kemur einnig fram að skoðunarmaður á vegum V hafi komið á vettvang til að taka út aðstæður. Þegar þannig háttar verður að telja að V hafi haft möguleika til að staðreyna hvort vatn geti hafa lekið frá kælikáp á heimili M, ef vafi var um slíkt. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir að þeir sem krefjast bóta verði að sanna tjónsorsök. Með því að tilkynna um tjón og taka á móti skoðunarmanni á vegum V gerðu M það sem vænta mátt af þeim til sönnunar tjóns. Verður V að bera hallann af því að aðstæður hvað tjónsatvikið varðar var ekki skoðað sérstaklega. Verður frásögn M því lögð til grundvallar um að vatn hafi lekið úr kælikáp og þanngi valdi tjóni á parketi í íbúð þeirra, en V hefur ekki gefið fullnægjandi skýringar á því að vatn hafi komið annars staðar frá. M eiga því rétt á bótum úr húseigandatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr húseigandatryggingu hjá V.

Reykjavík, 19. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.